

DRÖG_17. september 2018



Framtíðarsýn í íþróttamálum og samvinnu íþróttafélaga í Rangárbíngi ytra.

„Hlúum að því sem er til staðar en stefnum á nýtt fjölnota íþróttahús!“



RANGÁRÞÍNGI YTRA

Unnið af:

Eiríki Vilhelm Sigurðarsyni

Markaðs- og kynningarfulltrúa

og

Sindra Snæ Bjarnasyni

Formanni Íþróttá- og tómsfundanefndar 2014-2018

Í samstarfi við:



Efnisyfirlit

Aðdragandinn.....	3
Staðan í dag.....	5
Hvaða aðstaða er til staðar í dag í Rangárþingi ytra ?	5
Brúarlundur.....	5
Geitasandur.....	6
Hella	6
Laugaland	6
Rangárþakkar	6
Rangárhöll	7
Strönd.....	7
Þykkvibær.....	7
Fundurinn.....	8
Framtíðarsýnin	9
Skammtíma:	9
Langtímamarkmið	9
Lokaorð	10
Viðauki 1 - Um íþróttá- og Ungmennafélög í Rangárþingi ytra.....	11
Viðauki 2 – Punktur frá félögum	15

Athugið: Þetta er ekki loka útgáfa af skýrslunni!

Aðdragandinn

Oft hefur komið til tals að þörf sé á að vinna að framtíðarsýn í íþróttamálum í sveitarfélaginu ásamt því að finna leiðir til þess að efla samvinnu íþróttafélaganna. Sú vinna hefur aldrei almennilega farið af stað fyrr en nú.

Aðdragandi vinnu við framtíðarsýn í íþróttamálum og samvinnu íþróttafélaga í Rangárþingi ytra var sá að á 40. fundi sveitarstjórnar þann 11. október 2017 komu fulltrúar ungmennafélagsins Heklu á fund og ræddu mikilvægi þess að móta framtíðarsýn í íþróttamálum og samvinnu íþróttafélaganna og sveitarfélagsins. Á 41. fundi byggðaráðs var tekið fyrir minnisblað frá fundi sveitarstjórnar og samþykkt að vinna að framtíðarsýn í aðstöðumálum til íþróttaiðkunar. Bókunin var svo hljóðandi:

„Áhugi er fyrir því að setja af stað vinnu til að móta framtíðarsýn í aðstöðumálum til íþróttaiðkunar og um samvinnu íþróttafélaganna. Lagt er til að helstu íþróttafélög í sveitarfélaginu leggi til fulltrúa í slíka vinnu undir forystu íþrótt- og tómsbundanefndar. Nefnd voru ungmenna- og íþróttafélögin, KFR, Geysir og Golfklúbburinn. Nota mætti svipað fyrirkomulag við þessa vinnu og gert var í málefnum ferðaþjónustunnar þar sem haldnir voru opnir hugmyndafundir og síðan unnið úr hugmyndum milli funda þar sem starfsmenn sveitarfélagsins komu að málum. Samþykkt að vísa málinu til Íþrótt- og tómsbundanefndar til frekari úrvinnslu.“

Á 13. fundi íþrótt- og tómsbundanefndar þann 8. nóvember var samþykkt samhljóða að fara í þessa vinnu og markaðs- og kynningarfulltrúa falið í samstarfi við formann nefndarinnar að leiða verkefnið. Hugmyndin var að verkefninu yrði lokið í janúar 2018. Í framhaldi af fundinum var kallað eftir upplýsingum frá íþrótt- og ungmennafélögum (viðauki 1). Þar kom fram „

„...ég (markaðs- og kynningarfulltrúi) óska eftir því að allir ræði þetta í sínum ranni og skili til mín upplýsingum annarsvegar um framtíðarsýn í aðstöðumálum til íþróttaiðkunar og hinsvegar um stöðu og framtíðarsýn samvinnu íþróttafélaganna. Ég bið alla um að skrifa smá greinargerð um þetta og senda mér í tölvupósti fyrir 20. desember n.k.

Eitthvað dróst að félögin skiluðu greinargerð en að lokum barst eitthvað frá öllum. Janúar leið og í febrúar fór markaðs- og kynningarfulltrúi í fæðingarorlof. Í mars var fundur dagsettur og allir boðaðir þann 27. mars. Mætingin var mjög góð og var fundurinn mjög upplýsandi. Á fundinum voru margir fulltrúar íþrótt- og ungmennafélaga í Rangárþingi ytra að hittast í fyrsta skipti. Sú framtíðarsýn sem hér er sett fram á eftir er unnin upp úr þeirri greinargerð sem íþrótt- og ungmennafélögin sendu frá sér ásamt því sem fram kom á fundinum.

Á fundinn þann 27. mars mættu.




F.v. Jóhanna Hlökkversdóttir formaður Íþróttafélagsins Garps, Magnús Ragnarsson formaður Skotfélagsins Skyttanna, Guðmundur Jónasson formaður Ungmennafélagsins Heklu, Jón Þorberg Steindórssson formaður Knattspyrnufélags Rangæinga, Lilja Guðnadóttir formaður Ungmennafélagsins Framtíðarinnar, Bjarni Jóhannsson stjórnarmaður Golfklúbbsins Hellu-Rangárvöllum, Magnús Lárusson stjórnarmaður í Hestamannafélaginu Geysi, Sindri Snær Bjarnason formaður Íþróttá- og tómstundanevndar og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárbings ytra sem jafnframt tók myndina.

Staðan í dag

Í Rangárþingi ytra eru níu íþrótt- og ungmennafélög. Golfklúbbur Hellu-Rangárvöllum, Hestamannafélagið Geysir, Íþróttafélagið Garpur, Knattspyrnufélag Rangæinga, Skotfélagið Skyttur, Ungmennafélagið Framtíðin, Ungmennafélagið Hekla, Ungmennafélagið Merkihvoll og Ungmennafélagið Ingólfur. Þar sem engin íþróttastarfsemi fer fram hjá Umf. Merkihvoll og Umf. Ingólfi og hefur ekki gert um nokkurt skeið hafa þau félög ekki beina aðkomu að skýrslunni.

Íþróttafélagið Garpur, Knattspyrnufélag Rangæinga, Ungmennafélagið Framtíðin og Ungmennafélagið Hekla eru öll að nýta sömu aðstöðu sem sveitarfélagið heldur úti. Golfklúbburinn Hellu-Rangárvöllum, Skotíþróttafélagið Skyttur og Hestamannafélagið Geysir halda sjálf úti sinni aðstöðu. Hestamannafélagið Geysir hefur þó nýlega skrifað undir samning við Rangárþing ytra og er þar hluti styrksins skilyrtur í aðstöðu.



Hvaða aðstaða er til staðar í dag í Rangárþingi ytra til íþróttaiðkunar?

Brúarlundur

Að Brúarlundi er félagsheimili og þar eru stundaðar íþróttæfingar á vegum Íþróttafélagsins Garps einu sinni í viku á sumrin. Félagsheimilið er í umsjá Ungmennafélagsins Merkihvols en það félag kemur ekki að neinu íþróttastarfi. Aðstaða fyrir íþróttafélagið Garp er mjög frumstæð þar og eru æfingarnar stundaðar á berangrinum við félagsheimilið. Ekki er þó nein krafa um að bæta aðstöðuna.

Geitasandur

Skotíþróttafélagið Skyttur er með aðstöðu sína að Geitasandi á Rangárvöllum. Þar er félagshús, leirúfuvöllur og ríffilvöllur. Til stendur að sækja um byggingarleyfi fyrir ríffilhúsi. Sótt hefur verið um byggingarleyfi fyrir ríffilhúsi við ríffilbraut fyrir 300 metra ríffil og 6 borð fyrir Benchrest skotfimi. Skytturnar geta haldið mót í flestum greinum við góðar aðstæður.

Hella

Á Helli er fjölnota íþróttahús með löglegum völlum fyrir margar íþróttagreinar. Ágæt líkamsræktaraðstaða. Sundlaug sem er 25x11metrar og er lögleg sem keppnislaug. Við hana eru 1 nuddpottur, 2 heitir pottar og 2 vaðlaugar. Einnig eru þar 3 rennibrautir. Sundlaugin er sambyggð íþróttahúsinu og myndar það skemmtilega heild.

Fótbolta og frjálsíþróttavöllur. Fótboltavöllur að stærð 60x100m. Frjálsíþróttavöllurinn er búinn aðstöðu fyrir lang- og hástökk, kastgreinar og 400m malar hlaupabraut.

Sparkvöllur að stærð 18mx33m er einnig staðsettur sunnan íþróttahúss á Helli.

Laugaland

Að Laugalandi er íþróttahús sem hentar fyrir almennar íþróttir innandyra. Einnig er nýverið búið að koma upp líkamsræktaraðstöðu. Sundlaugin er 8x16m að stærð. Við sundlaugina eru tveir heitir pottar ásamt því að rennibraut er á staðnum. Einnig er vaðlaug.

Utandyra er nýuppgerður gervigrasvöllur og svo önnur aðstaða sem tengist grunnskólanum á Laugalandi. Utanhúss körfuboltavöllur verður settur þar upp í sumar.

Rangárbakkar

Á svæðinu eru tveir löglegir keppnisvellir fyrir gæðinga- og íþróttakeppni. Þá er þar stór hringbraut sem nýtt hefur verið fyrir kynbótadóma og kappreiðar, en sá völlum er alls um 1.000 metrar að lengd. Að auki er sjálfstæð 4 m breið braut við svokallaðan B-völl á austurhluta svæðisins, sú braut var endurbætt vorið 2011 í samráði við Búnaðarsamband Suðurlands vegna kynbótasýninga. Við þann völlum er jafnframt mjög vel útfærður söfnunar(“collection”) hringur. Brekkur eru góðar á svæðinu við alla velli. Stórt malbikað plan er á svæðinu sem nýtt hefur verið síðustu þrjú landsmót. Þá er þar félagshús sem er tæpir 290 fermetrar að stærð og notað hefur verið sem stjórnstöð, mötuneyti og aðstaða fyrir blaðamenn á undanförunum landsmótum. Nýr vegur verður lagður sem gerir það að verkum að tvær aðkomur verða inná og útaf svæðinu og er hann á nýsamþykktu deiliskipulagi. Stóðhestahús er á svæðinu með 28 eins hesta stíum. Þá eru við stóðhestahúsið 3 aðskilin gerði. Þá er einnig á svæðinu salernishús með vatnssalernum sem notað hefur verið undanfarin ár. Keppnis- og

kynbótavellir á svæðinu eru í mjög góðu ásigkomulagi enda mikið notaðir.

Þá eru á svæðinu bílastæði fyrir nokkur þúsund bíla auk annarra plana sem urðu til fyrir LM2008 og LM2014 og nýta má með ýmsum hætti. Rangárbakkar eiga 280 rafmagnstengla fyrir hjól- og fellihýsi, sem settir voru niður fyrir LM2008 og notaðir aftur fyrir LM2014.

Rangárhöll

Rangárhöllin er fyrst og fremst byggð til þjálfunar, keppnis og sýninga á Íslenska hestinum. Þar er frábær aðstaða með gólfleti uppá 22x80m. Stúka sem tekur um 250manns í sæti. Ágætis veitingaaðstaða er í anddyri.

Strönd

Golfklúbbur Hellu, Rangárvöllum er með sína aðstöðu að Strönd. Þar hefur verið byggð upp fyrsta flokk aðstaða til golf iðkunar. Þar er stórt og gott æfingarsvæði þar sem kylfingar slá af grasi. 6 holu þar 3 golfvöllur sem er vinsæll sérstaklega fyrir byrjendur og eldra fólk sem ekki treystir sér á stóra völlinn og einnig fyrir kylfinga til að æfa stutta spilið. Góð og stór púttflöt þar sem stutta spilið er æft og svo 18 holu völl sem er einn af bestu golfvöllum landsins.

Hægt er að leigja sér golfsett, einnig er hægt að leigja sér æfingabolta til að nota á æfingarsvæðinu og er opið fyrir það allan sólahringinn.

Þykkvibær

Í Þykkvabæ er fjölnota íþróttahús sem tekið var í notkun í júní 2002. Það er vel búið tækjum til leikja og íþróttaiðkunar. Húsið skiptist í íþróttasal, fundarsal, leikherbergi, bókasafn, minni fundarherbergi og þreksal með úrval tækja frá Technogym. Einnig er þar eldhús þar sem vinnuaðstaðan er til fyrirmyndar og allt til alls. Mjög góð hreinlætisaðstaða er í húsinu. Hljóðkerfi, skjávarpi og flygill á staðnum. Tilvalið fyrir veislur, ættarmót, fundi, æfingabúðir og fleira.

Fundurinn

Á fundinum þann 27. mars var farið yfir það hvort við getum komið okkur saman um sameiginlega framtíðarsýn varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu og eins hvernig félögin geta unnið saman að eflingu íþróttanna.

Aldrei áður höfðu öll félögin komið saman á fundi sem þessum. Það var tekið fram strax í upphafi fundar að tilgangur fundarins væri ekki að sameina félögin heldur setja sameiginlega framtíðarsýn og um leið finna leiðir til þess að efla samstarfs félaganna.

Margt áhugavert kom þar fram m.a.

- Íþróttahúsið á Hellu er orðið mjög umsetið og erfitt fyrir félögin að koma æfingum fyrir sína iðkendur á dagskrá.
- Byggja þarf við íþróttahúsið á Hellu þar sem geymslupláss er orðið af mjög skorum skammti.
- Íþróttahúsin gegna hlutverki félagsheimila sem veldur því að oft falla margar æfingar niður þegar aðrir viðburðir á vegum skólanna eða annara eru framundan.
- Nýting íþróttahúsa á Laugalandi og sérstaklega í Þykkvabæ gæti verið mun betri.
- Samtal á milli íþrótt- og ungmennafélaga er ekkert í dag.
- Skólarnir á Hellu, Laugalandi og Hvolsvelli enda á sitthvorum tíma dags sem gerir það að verkum að skipulagning íþróttastarfs er enn flóknari.
- Mikill áhugi er á að koma á fót samgöngum á milli íþróttamiðstöðva á sýsluvísu til þess að tryggja nýtingu þeirra sem best.
- Efla þarf og koma á fót á ný SAMFELLU í samvinnu íþróttanna/ungmennafélaga og skóla.
 - o Hugsanlega þarf samfella ekki að ná nema uppí 6. bekk.
- Ef sú aðstaða sem fyrir er yrði eflað þá myndi áhugi á þeim aukast á ný - eitt sinn var frjálsíþróttavöllurinn á Hellu glæsilegur.
- Gólfíð í íþróttahúsinu á Laugalandi er talið í lélegu ásigkomulagi.
- Heppilegast væri að byggja upp aðstöðu fyrir fótbolta og frjálsar íþróttir á einum stað.
- Mikilli dagskrá er þjappað á skólatíma í dag.
- Stærð búningsklefa í íþróttahúsinu á Hellu stendur betri nýtingu aðstöðunnar fyrir þrifum.
- Einhver áhugi er á því að skoða sameiningu Heklu, Framtíðar og Garps. Önnur félög eru mun sérhæfðari.
- Upphafið á samstarfi allra gætu verið sameiginleg námskeið um t.d. undirbúning fyrir keppni – andlegan sem líkamlegan fyrir keppendur, aðstandendur og foreldra.

Framtíðarsýnin

Skammtíma (1 – 3 ár)

- Að byggð verði viðbygging við íþróttahúsið á Hellu sem nýtast muni sem áhaldageymsla.
- Að kapp verði lagt á að hlúa að þeirri uppbyggingu sem nú þegar hefur verið lagt í.
- Að innanhúss aðstaða að Laugalandi verði elft. Meta þarf hvort skipta þurfi út gólfi að Laugalandi.
- Frjálsíþrótt- og fótboltavöllur á Hellu verði lagfærður svo hann uppfylli nútíma kröfur.
- Að aðstaða við frjálsíþrótt- og fótboltavöll á Hellu verði með þeim hætti að búningsklefar séu aðgengilegir án þess að þurfi að loka sundlaug.
- Að komið verði á reglulegum akstri milli íþróttamannvirkja og sveitarfélaga. Það myndi stuðla að betri nýtingu.

Langtímamarkmið (10 ár)

- Fjölnota íþróttahús með gervigrasvöllum og aðstöðu fyrir allar íþróttir þó ekki leirdúfuskotfimi og hesta.
- Skipulag á Hellu þarf að rúma framtíðaruppbyggingu fyrir íþróttaaðstöðu.

Lokaorð

Í Rangárþingi ytra er gríðarlega fjölbreytt og faglegt starf stundað. Með því að halda áfram að hlúa að því sem fyrir er og byggja upp þá á það bara eftir að eflast. Fjölnota íþróttahús með góðum búningsklefum, fundaraðstöðu, geymslu og aðstöðu fyrir alla er framtíðin. Þangað til verðum við að vinna í lausnum, hlúa að því sem fyrir er og vinna saman öll sem eitt.

Viðauki 1 - Um íþróttá- og Ungmennafélög í Rangárþingi ytra

Golfklúbbur Hellu-Rangárvöllum



Golfklúbbur Hellu var stofnaður 22. júní 1952 Aðalhvatamenn og stofnendur klúbbsins vorur Ásgeir Ólafsson og Helmut Stolzenwald á Hellu, en Rúdólf Stolzenwald varð fyrsti formaður golfklúbbsins. Klúbbnum áskotnaðist land á Gaddstaðflötum sem nú er mannvirki hestamannafélagsins og hestamannavöllur. Fyrsti völlum klúbbsins var níu holur og var leikið á honum nokkuð reglubundið til ársins 1958, en þá missti klúbburinn landið. Vegna fámennis og vallarleysis lagðist klúbburinn niður tímabundið um 1960. Skammstöfun klúbbsins var þá GH en varð síðar GHR. Golfklúbbur Hellu býður upp á golfkennslu fyrir börn og unglinga 2x í viku allt sumarið, einnig hafa þeir eldri kost á að panta sér golfkennslu. Eldri borgarar fá aðstöðu til að pútta 1x í viku sem er vel sótt allt upp í 50 manns.

Golfklúbbur Hellu heldur golfmót stór sem smá, opin mót sem og innanfélagsmót. Innanfélagsmót er haldin 1x í viku og stundum oftár og er öllum félögum GHR frjálst að taka þátt.

Framtíðaráform er að byggja upp enn betri æfingaaðstöðu, golfskála og hlúa að golfiðkendum.

Iðkenda fjöldi: 110.

Um 7000 gestir koma á hverju ári á Strandarvöll.

Formaður: Óskar Pálsson, ghr@ghr.is

Hestamannafélagið Geysir

Þann 26. júní 1949 hittust 12 menn á veitingahúsinu á Hellu til að ræða möguleika á stofnun hestamannafélags í Rangárvallasýslu. Upphaf þess var að Karl Þorsteinsson bakari á Hellu og stofnfélagi í Hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík árið 1922, hafði hvatt þá Ragnar Jónsson og Þorstein Tyrfingsson, báða búsetta á Hellu, til stofnunar slíks félags. Sjálfur gat hann ekki gerst stofnfélagi þar sem hann var félagi í Hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík. Seinna, eða þann 24. janúar 1973, var Karl kosinn fyrsti heiðursfélagi hestamannafélagsins Geysis, sama daginn og hann gerðist aukafélagi í því.

Iðkendafjöldi:

Heildarfjöldi í póstnúmeri 851 og 850 eru 293 talsins

Skiptingin er eftirfarandi:

17 ára og yngri eru 78 talsins

70 ára og eldri eru 24 talsins

18 - 69 ára eru 191 talsins

Form: Ólafur Þórisson, hmfgeysir@hmfgeysir.is

Íþróttafélagið Garpur

Íþróttafélagið Garpur var stofnað 30. september 1992. Stofnfélagar voru 27 og var stofnað af og fyrir þrjá hreppi í sömu sveit; Landhrepp, Holtahrepp og Ásahrepp. Aðsetur íþróttafélagsins er að Laugalandsskóla í Holtum í Landsveit.

Iðkendafjöldi: Engar upplýsingar bárust.

Formaður: Jóhanna Hlöðversdóttir

Knattspyrnufélag Rangæinga

Knattspyrnufélag Rangæinga var stofnað 1997 með það að markmiði að styrkja möguleika til knattspyrnuíðkunar í Rangárvallasýslu. Félagið heldur úti æfingum fyrir yngri flokka auk þess sem meistaraflokkur félagsins hefur leikið á Íslandsmóti.

Iðkendafjöldi: Engar upplýsingar bárust.

Form: Jón Þorberg Steindórsson

Skotfélagið Skyttur



Skotfélagið Skyttur var stofnað 12. febrúar 2009 og er íþróttafélag. Skotfélagið er í HSK, STÍ og ÍSÍ. Stefna skotfélagsins er að koma upp fyrirmyndaraðstöðu til iðkunnar á öllum helstu skotgreinum sem stundaðar eru á Íslandi.

Iðkendafjöldi: 91, 4 undir 18 ára. Unglingastarf hefur ekki farið af stað ennþá en það er í pípunum.

Form: Magnús Ragnarsson, skotfelag@skyttur.is

Ungmennafélagið Framtíðin

Ungmennafélagið Framtíðin var stofnað þann 20. nóvember 1920.

Iðkendafjöldi: Félagar eru 66, 13 á grunnskólaaldri.

Form: Lilja Guðnadóttir, gardagull@simnet.is

Ungmennafélagið Hekla

Ungmennafélagið Hekla var stofnað þann 26. Júlí 1908. Starfssvæði þess er gamli Rangárvallahreppur og eru félagar um 450. Félagið er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni.

Iðkendafjöldi: 450.

Form: Guðmundur Jónasson, broi1970@mi.is

Ungmennafélagið Merkihvoll

Merkihvoll er rótgróið félag í Landsveit, Rangárpíngi ytra. Hafa tekið félagsheimilið Brúarlund í fóstur, heldur jólaball og 17. Júní í Landsveit. Er ekki með neina íþróttastarfsemi sem slíka. Íþróttafélagið Garpur hefur tekið yfir íþróttastarfsemi Merkihvols.

Form: Jóhanna Hlöðversdóttir, johanna@hellar.is

Félagar: Ekki vitað.

Ungmennafélagið Ingólfur

Ingólfur er rótgróið félag í Holtum, Rangárþingi ytra. Félagið á skógræktarreit í landi Nefsholt sem var gefinn 1958. Félagið var stofnað 1908. Enginn íþróttastarfsemi er sem slík hjá Ingólfi en Íþróttafélagið Garpur hefur að mestu séð um hana í dag.

Form: Þröstur Guðnason, vargholl@simnet.is

Félagar: Ekki vitað.

Viðauki 2 – Punktur frá félögum

Ungmennafélagið Framtíðin

Við viljum að í Þykkvabæ sé hlúð að því sem fyrir er, fyrir fólkið sem þar býr og alla þá sem vilja sækja okkur heim. Auk þess viljum við sjá að hér komi sparkvöllur og önnur leiktæki svo að börn framtíðarinnar geti haldið áfram að hittast og leika saman á sumrin.

Vegna smæðar okkar fögnum við öllu því sem Ungmennafélagið Hekla hefur upp á að bjóða og börnin okkar njóta góðs af því.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Knattspyrnufélag Rangæinga býður upp á æfingar á tveimur stöðum í sveitarfélaginu, á Hellu og á Laugalandi.

Í stuttu máli er frekar snúið að setja upp æfingatöflu, umsetið hús á Hellu, skólar ekki búnir á sama tíma dags.

Spurning um betri nýtingu með akstri í önnur íþróttahús í sveitarfélaginu, en draumastaða væri fjölnota hús með gerfigrasvelli sem klárlega mundi setja starf KFR á annan stall.

Skotfélagið Skyttur

Framtíðarsýn Skotfélagsins Skyttur í aðstöðumálum.

Skotíþróttafélagið er með sína eigin aðstöðu og eðli íþróttagreinarinnar er þannig að það eru ekki margir snertifletir með öðrum greinum þótt skotfimi sé ein stærsta einstaklingsíþróttagrein landsins.

Við erum með félagshús og leirdúfuvöll. Eftir áramót sækjum við um byggingarleyfi fyrir ríffilhúsi við ríffilbraut sem mun bæta aðstöðu okkar til muna í kúlugreinum en þá munum við hafa 6 bása fyrir 300 metra ríffil og 6 borð fyrir Benchrest skotfimi og getum haldið mót í flestum greinum við góðar aðstæður.

Í framtíðinni stefnum við á frekar uppbyggingu til að hægt verði að stunda æfingar og keppni í flestum greinum á æfingasvæðinu.

Við þurfum einnig að bæta vegin að íþróttasvæðinu en hann er illfær á vetrartíma vegna slæmst burðarefnis í honum.

Snertifletir

Skotíþróttafélagið stefnir á að byrja á unglíngastarfi í samvinnu við skólana í sýslunni. Á Íslandi er 15 ára aldurstakmark til iðkunnar skotfimi. Er stefnt að viðræðum við skólana með að hafa kynningu á

Þessari íþrótt á þemadögum. Á Suðurnesjum eru núna 68 iðkenndur í skotfimi á aldrinum 15-20 ára og hefur grunnskólinn þar lagt til aðstöðu vegna ánægju með greinina.

Besta leiðin til iðkunnar er í kúlugreinum með lofti. Þannig greinar þurfa inniaðstöðu með 10 metra langri braut. Er þá notast við loftriffla eða loftskammbyssu og því væru mikil verðmæti í að finna aðstöðu til iðkunnar á loftgreinum. Henta þær bæði vel til að byrja í íþróttinni og einnig til iðkunnar á veturnar þegar veður henta illa fyrir útiskotgreinar. Þarna myndum við vilja vera í samstarfi við sveitarfélögin með að finna aðstöðu.

Bogfimi

Skotíþróttafélagið Skyttur er nýlega komið í bogfiminefnd ÍSÍ og því orðið viðurkennt bogfimifélag. Höfum við hug á því að semja við íþróttamiðstöðvarnar á svæðinu með æfingatíma og koma á skipulögðum æfingum innanhúss á veturnar. Erum við að safna fyrir bogfimbúnaði og því munum við vera í sambandi við sveitarfélögin með þetta.

Lokaorð

Framtíðarsýn okkar er því í stuttu máli betri aðstaða á skotíþróttasvæði okkar á Geitasandi. Góð inniaðstaða í þéttbýliskjarna í sýslunni fyrir loftgreinar og svo gott samstarf með íþróttamiðstöðvunum fyrir iðkunn bogfimi.

Íþróttafélagið Garpur

Íþróttafélagið Garpur hefur haldið út æfingum á vegum félagsins undanfarin ár með góðum árangri. Reynt hefur verið að svara áhuga krakkana á hverjum tíma fyrir sig og getur því farið svo að æfingataflan er breytileg eftir árum. Langtímamarkmið Garps er að kynna krakkana okkar fyrir sem flestum íþróttum og vonandi kveikja þar af leiðandi áhuga hjá þeim. Það er sem í boði veturinn 2017-2018 er : mánudagar – fótbolti (KFR æfing), þriðjudagar – glíma og frjársar í þróttir, miðvikudagur – kynning á íþróttgreinum fyrir allan aldur, fimmtudagur – körfubolti. Börnin á Laugalandi eru keyrð heim strax eftir skóla nema þau sem eru að fara á æfingar þann daginn og eru þau sótt af foreldrum eftir æfingu.

Segja má að lítil sem engin samvinna sé milli Garps og annarra félaga í Rangárþingi Ytra. Helsta samvinnan hefur verið með KFR en eru þeir með eina knattspyrnuæfingu í viku á Laugalandi. Einhversstaðar í kringum 2007 ish var reynd samvinna með Heklu varðandi frjársar íþróttir. Erfitt reyndist að fá krakka frá Hellu upp að Brúarlundi, sem og krakkana frá Garpi niður að Hellu og endaðuðu æfingarnar á því að lognast út af á Hellu þegar sífellt færri einstaklingar frá Heklu fóru að mæta á æfingar. Hins vegar hafa krakkar frá Garpi verið að æfa með Heklu, t.d. fimleika sem og einnig eru Garpskonur að spila blak í blönduðu liði með Heklu og Dímon. Hins vegar hefur í gegnum

tíðina verið mikil samvinna milli Dímon og Garps þá sérstaklega varðandi borðtennis og frjálssar íþróttir.

Það er spennandi kostur að auka samvinnu milli félaga í RY en vissulega eru þau með ólíkar greinar. Helsti kosturinn sem Garpur sér við aukið samstarf er að frekari möguleiki er á sterkari liðum í hópíþróttum. Útgjöld myndu að sama skapi dreifast meira sem getur skilað sér í sérhæfaði þjálfurum, betri útbúnaði og aðbúnaði bæði í einstaklings- og hópíþróttum.

Garpur sér fyrir sér að hlutur frjálssra íþróttaverði aukin á Laugalandi og þá innanhúss sem utan. En frjálssar íþróttir hafa verið á mikilli uppleið og ekki er að sjá fyrir endann á þeirri bólu. Við hjá Garpi teljum að með réttum aðbúnaði og þróun sé hægt að viðhalda áhuga og láta þannig útlagðann kostnað borga sig með uppsveiflu í íþróttalífinu. Væri þá okkar hugmynd sú að æfingatafla yrði samræmd að einhverju leyti milli félaga, þannig að haldnar væru æfingar á hverjum stað fyrir sig en að stöku sinnum yrði börnun trillað milli staða með rútu svo möguleiki væri á að æfa saman. Sem dæmi körfuboltaæfingar væru haldnar á þriðjudögum kl: 15:00 á Hellu og Laugalandi. U.þ.b. einn fimmtudag kæmu Heklukrakkarnir á Laugaland og einn fimmtudag færu Garpskrakkar á Hellu, þannig yrðu tvær sameiginlega æfingar í mánuði á hverjum stað fyrir sig.

Einnig mælum við með að erindið verði útvíkkað og Dímon boðið að taka þátt sem hluti af íþróttalífi Rangárvallaýslu en rökin fyrir því eru meðal annars þau að í RE er einnig starfssvæði KFR, Geysis, Gólfklúbbsins og Skyttanna.

Tilnefndir fulltrúar fyrir íþróttafélagið Garp eru Jóhanna Hlökkversdóttir, johanna@hellar.is, 8475015 og Bæring Jón Guðmundsson, baering@laugaland.is, 6946586.

Hestamannafélagið Geysir

Staðan í dag er þessi:

Aðstaðan til íþróttaiðkunar hjá Geysi. Geysir hefur aðgang að reiðhöllinni á Hvolsvelli og Hellu. Jafnframt hefur Geysis aðgang að keppnissvæðinu á Rangárbökkum

Samvinnan milli íþróttafélaganna í Rangárþingi Ytra og Geysis er engin

Framtíðarsýn Geysis:

Aðstaðan. Vantar helst geymslustað fyrir hross sem koma til kennslu – afmarkað fundar- og kennslusvæði (upphitað og fjarri skarkala) á Hellu.

Framtíðarsýn um samvinnu íþróttafélaganna og Geysis. Nota reiðsali til annarra íþróttar yfir veturinn s.s. knattspyrna og frjálsar íþróttir. Sameiginlegir tímar varðandi undirbúning fyrir keppni s.s.hvernig bæta megi andlegt ástand keppanda og foreldra, fræðsla um mataræði og hreyfingu.

Ungmennafélagið Hekla

Ungmennafélagið Hekla er 109 ára gamalt félag og er starfssvæði þess þéttbýlið Hella og Rangárþing Ytra. Félagið hefur ávallt haldið úti öflugum íþróttar- og tólmundastarfi í íþróttamannvirkjum á Hellu og hafa börn úr öllu sveitarfélaginu og Rangárþingi eystra tekið þátt í því.

Á starfssvæði UMF Heklu eru þrjú stór íþróttamannvirki, þ.e. **Íþróttamiðstöðin og íþróttavöllurinn á Hellu**, ásamt **reiðhöllinni á Gaddstaðaflötum**. Íþróttamiðstöðin og völlurinn hafa nýst starfi félagsins vel, ásamt **Safnaðarheimilinu** en stjórn sér möguleika á notkun reiðhallarinnar á Gaddstaðaflötum.

Íþróttamiðstöðin á Hellu

Í íþróttamiðstöðinni á Hellu fer fram mest allt íþróttastarf á vegum UMF Heklu. Í íþróttamiðstöðina vantar nauðsynlega stærri **áhaldaymslu**. Sú geymsluaðstaða sem gerð var fyrir nokkrum árum samhlíða breytingum á líkamsrækt og smíðastofu er engan vegin fullnægjandi. UMF Hekla hefur á undanförunum árum fjárfest mikið í íþróttahöldum og er stefna félagsins að halda því áfram. Það er nauðsynlegt að hafa rúma og aðgengilega geymslu fyrir áhöldin sem kosta mörg mikla fjármuni. Stjórn UMF Heklu telur að eina almennilega lausnin í gerð áhaldaymslu sé viðbygging sunnan við íþróttahús á milli þess og sparkvallar. Sú hugmynd hefur verið kynnt sveitarstjórn.

Bæta þarf **búningsaðstöðu** og gera sérstaka búningsklefa fyrir íþróttamiðstöðina og völlinn. Mörg íþróttafélög hafa lýst áhuga á að nota t.d. íþróttavöllinn fyrir æfingabúðir en þá strandar á búningsaðstöðunni, hún er ekki boðleg fyrir slíka starfsemi.

Þá þarf að stórbæta **líkamsræktaraðstöðuna**, hún fullnægir ekki þeim kröfum sem gerðar eru til slíkrar starfsemi í dag. Jafnframt þarf að gera **fundaraðstöðu** og **geymslu** fyrir UMF Heklu.

Íþróttavöllurinn á Hellu

Alla **umhirðu og viðhald** vallarins þarf að stórbæta. Það hefur ekki skilað nógu góðum árangri að starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar sjái um og viðhaldi vellinum. Hugmynd stjórnar er að starfsmaður/menn áhaldahúss sveitarfélagsins hafi það hlutverk að sjá um völlinn og hafi um það samráð við stjórn UMF Heklu og þjálfara. Það er miður að einungis nokkra metra skuli vanta upp á að völlurinn sé **löglegur fótboltavöllur**, úr því þarf að bæta. Það er algjört forgangsatríði að stórbæta aðstöðuna á vellinum til iðkunar frjálsra íþróttar en sú íþrótt var nú aðal íþróttagrein okkar Rangæinga til margra ára. Leggja þarf **tartan** á hlaupa-, lang- og hástöksbrautir og endurnýja áhöld.

Við þessar endurbætur á vellinum myndi aðstaða til æfinga stór batna ásamt aðstöðu til hreyfingar og útivistar fyrir íbúa. Þá skapast möguleiki á að halda stærri mót eins og t.d. **Landsmót UMFÍ 50+**.

Reiðhöll á Gaddstaðflötum

Möguleikar á notkun reiðhallarinnar eru miklir og auk hestaíþróttaværi þar hægt að stunda hinar **ýmsu íþróttagreinar** s.s. frjálsar og knattspyrnu ásamt því að geta haldið þar sýningar.

Samstarf

Í dag eru ungmenni í sveitarfélaginu að iðka íþróttir hjá hinum ýmsu íþrótt- og ungmennafélögum. Margir iðkendur UMF Heklu koma frá Dímoni, Garpi og Framtíðinni. Samvinna milli þessara félaga hefur ekki verið mikil. Lítilsháttar samvinna hefur verið milli Garps og Heklu í körfubolta sem og hjá Heklu og Dímon í borðtennis. Æskilegt er að í sveitarfélaginu væri **eitt íþróttafélag** fyrir öflugt ungmennastarf. Það félag hefði höfuðstöðvar á Hellu og uppbygging mannvirkja færi fram þar, líkt og gert hefur verið í Rangárþingi eystra með íþróttafélaginu Dímon. Með betra skipulagi skólaaksturs væri leið iðkenda úr dreifbýli til æfinga í þéttbýli gerð aðgengilegri.